

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2023

2023/EES/81/35

frá 28. apríl 2023

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana
í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/68 frá 27. október 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar leyfilegar vínfræðilegar vinnsluáðferðir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/841 frá 24. maí 2022 um að veita heitinu „Bolandin“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/842 frá 24. maí 2022 um að veita heitinu „Abadía Retuerta“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 8e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934):
„– **32022 R 0068:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/68 frá 27. október 2021 (Stjtið. ESB L 12, 19.1.2022, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 8q (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1915):
„8r. **32022 R 0841:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/841 frá 24. maí 2022 um að veita heitinu „Bolandin“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 21).
8s. **32022 R 0842:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/842 frá 24. maí 2022 um að veita heitinu „Abadía Retuerta“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 22).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 12, 19.1.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 22.

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/68 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/841 og (ESB) 2022/842, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.